

Ljóðmæli 7

Stöku háttur

HIMNAR GJÓSA, YFIR ÓS
AFTUR FRJÓSA TJARNIR.
NORDURLJÓSA RODA RÓS,
RAUDAR FJÓSAGARNIR.

Stöku háttur

Nokkrar stökur af ýmsum gerðum

Höfn (frumbakhenda)

Leið í höfn er löng og ströng
og liggur milli skerja.
Spanið framhjá spöng er þróng
og spreyið bát vill berja.

Hrossabossar (frumsamframhent)

Hrossabossar bylta þér
blauða fylliræftinn.
Hnossakoss gaf heiðin mér
heldur fast á kjaftinn.

Bitið á jaxlinn (hringhenda)

Á jaxlinn blómin bíta fastar
blána gónum þjáðum.
Vetur ómar voðum kastar
en vorið ljómar bráðum.

Yfir móa (hringhenda)

Stjörf að gjóa stíf var taug
við stífluflóann gráa.
Yfir móa ein hún flaug
auma lóan smáa.

Veðravíti (hringhenda)

Hvítна fjöll og hvín í vind
hverfa köllin lágu
Hvíta mjöllin málar tind
og mæðir tröllaplágu

Morgunvísa (hringhenda)

Þungar stírur stríða mér
stanslaust knýr þó dagur hér
ennþá hlýr ligg undir þér
elsku rýra sængurver.

Vorbráð (hringhenda)

Þegar hylur hríðin svört
og hrekjast ylir sannir
senn þá mylur sólin björt
og sundur skilur fannir.

Heyskapur (hringhenda)

Í dráttarkagga kúldrast þegn
í kerrubragga heyin.
Eftir vagg og voða regn,
vættust baggagreyin.

Öndin (hringhenda)

Útí fljóti öndin söng
uppá móti synti
yfir grjótið, útum þróng
ört hún fótum spyrnti.

Glóð (hringhenda)

Freðið hjarta, fölnuð slóð
fallið skart við borðið.
Samt er margt sem glæðir glóð
glæst og bjart er orðið.

Á sjó (oddhenda)

Út á skak með bogið bak,
brölti flakið gamla.
Einn ég rak um öldulak,
um ægisbrakið svamla.

Lundastaka (oddhenda)

Heim nú lundar ljúfir skunda
upp ljúkast stundagáttir.
Í hópum funda, hátt mál grunda
í holum blunda sáttir.

Herja óðir (oddhenda)

Herja óðir hér um slóð
hrifsa bróðurparta
kremja fóður krafsa sjóð
kreista blóð úr hjarta

Á göngu (oddhenda)

Göngur langar, gleðisprang,
gæla vangan hviður.
Fagrir drangar, fjöruþang
flýtur þangað viður.

Húmið (oddhenda)

Húmið klýfur hjartans líf
hljóðið rífur múra
gatar skífu gleðihlíf
glatt með drífu súra.

Fjósagarnir (oddhenda)

Himnar gjósa, yfir ós
aftur frjósa tjarnir.
Norðurljósa roða rós,
rauðar fjósagarnir.

Stjórn (sléttubönd)

Stjórnar lýðnum, aldrei er
önnum sínum vaxin.
Fórnar kostum, sjaldan sér
sekan bankalaxinn.

Tilraun (sléttubönd)

Skóinn þefar, aldrei er
okkur hér til sóma
Þjóinn berar, sjaldan sér
sína villu dóma

Delerium tremens revisited (sléttubönd)

Nóttin bjarta skrýðir skart
skelfir hjartað auma.
Sóttin nartar hýðið hart
hvæsir martröð drauma.

Drungi vakinn mætir mér
myrkrið þjakar heldur.
Þungi raka, grætir gler
glymur klaka feldur.

Okið (hringhend sléttubönd)

Lýðinn stríðir okið oft
alla prýðir gælan.
Kvíðinn svíður, lekur loft
læðist víða sælan.

Snúið (oddhend sléttubönd)

Bætir frasa þrefið þras
þæfir brasið karla.
Kætir fasið görótt glas
ginið dasar varla.

Salir (oddhend sléttubönd)

Salir háir birta blá
bungast knáu fjöllin.
Dalar gráir lifna ljá
ljóma háu köllin.

Hestavísa (stikla)

Upp við fossa fældist hross
fagurskjóttur klárinn.
Við morgunblossans bjarta koss
brast á flótta árinn.

Margt (Sjöbættingur)

Gengið, þjarkað, götur markar, grjót í sparkað,
um borgir arkað hef og harkað,
hreif mig slark við útimarkað.

Umferðin (innrímsæfing)

Snjór og bleyta, bílar hreyta,
bikið reita, tjöru fleyta.
Ruslið þeyta, rúður skreyta,
ruma þreyta, hnafum steyta.

Ljóðaþvaga

Syngur lóan lagvisst kvæði
lóan flautar, krílið magurt
lagvisst krílið kastar æði,
kvæði magurt, æði fagurt.